

Porrablót 2018

Nú er komið að pistlinum þar sem farið verður yfir liðið ár í máli og myndum. Gert verður góðlátlegt grín af hinum og þessum uppákomum sem þið kannist líklegast flest við en ef ekki má kryfja pistilinn að loknu blóti og ræða við mann og annan. Við munum birta pistilinn á myndasíðu Hríseyjar á facebook á komandi vikum ef leyfi fæst hjá stjórnendum síðunnar. Reglur síðunnar hafa jú verið verulega hertar síðustu vikur og mánuði og hafa menn líkt henni við hina umtöluðu gleði síðu Costco á Facebook þar sem tjáningarfrelsið er ekkert nema það einkennist af gleði og ánægju. Já jákvæðni ríkir í eyjunni.

Áður en lesturinn hefst viljum við hér í nefndinni biðja þann Hríseying sem gaf - eða veit hvaða Hríseyingur gaf brauðtertú í kostningakaffi hjá Ingu Sæland í haust að gefa sig fram við nefndina?

Nefndin er að þessu sinni að mestu skipuð brottfluttum Hríseyingum sem eru búsettir á Akureyri, og svo Bróa og Brynju. Við innbæingarnir teljum mjög mikilvægt að hafa Bróa með í nefndinni... hann veit mjög margt, hann er þátttakandi í mörgu, hefur skoðanir á ótrúlegustu hlutunum, hann er mjög oft á móti og stundum með, en þegar á reynir, þá á hann líka til að sitja hjá. Brói vildi nú aldrei sameiningu blessaður en hefur nú samt náð að sameinast þessu ágæta nefndarfélagi úr innbænum og samstarfið verið gott. Það var kannski ágætt að sameinast eftir allt saman, eða hvað? Það má segja að hlutverk Bróa í þorrablótsnefndinni sé í raun mjög mikilvægt. Það er honum að þakka að nóg efni var til í pistilinn og nægt efni í skemmtiatríðin. Það mun líklegast vera vegna áhuga hans á hinum ýmsu málefnum og hve harðduglegur hann er að koma sterkum skoðunum sínum á framfæri. „Já...maður má segja það sem manni finnst segir Brói“

Flokkunarstöð fyrir rusl var tekin í notkun á árinu. Áður höfðu verið flokkunartunnur á hverju horni í Eyjunni en nú þurfa allir að storma með ruslið í eina grenndarstöð sem staðsett er við gömlu slökkvistöðina. Ekki nóg með það að Hríseyingar þurfa nú að bera ruslið langar leiðir heldur þarf að rífa og tæta pappír og kassa í öreindir svo ruslið komist inn um þessar litlu krúttilegu rifur á flokkunarstöðinni, sem minna helst á bréfalúgur. Vegna þess hve Hríseyingum gengur erfiðlega að tæta niður ruslið og koma því inn um lúgurnar hefur Brói ákveðið að halda námskeið fyrir íbúa nú á vordögum. Á námskeiðinu mun hann kenna ákveðin brot á kössum, fernum og blöðum, svo Hríseyingar nái þeirri hæfni sem þarf til að koma ruslinu inn um lúgurnar. Má vænta að í framtíðinni verði

flokkunarstöðin einn aðal samkomustaður Hríseyinga þar sem þeir munu dúlla sér í ruslinu, flokka og tæta.

Biggi bakari seldi salthúsið snemma árs til norðurorku á uppsprengdu verði og veltu menn fyrir sér hvort húsið hefði að geyma leynda gullnámu. Þrátt fyrir að Hríseyingar samgledust með Birgi, eða allavega sumir, þá fóru þeir samt að velta vöngum yfir hvort eða hvar árlega gamlársgleðin yrði haldin. Leið á árið og menn stungu saman nefjum en enginn þorði að spyrja. Desember leið og spennan jókst dag frá degi.... og loksins.... loksins kom auglýsing frá Birgi. Áramótageðin skyldi haldin á Verbúðinni þetta árið í samstarfi við Lindu og Ómar. Mikil gleði og þakklæti braust fram hjá áhangendum Birgis og auðvitað Lindu og Ómars og varð heimboðið hin mesta skemmtun sem endra nær. Já Birgir og Stína klikka ekki.

Linda Ásgeirsdóttir á sér fáa líka enda dugleg með eindæmum og atorkusöm kona eins og mamma sín. Þær kalla ekki allt ömmu sína. Þær steikja kótiletur hægri vinstri, hræra í Royal búðing og sjá til þess að Hríseyingar og gestir geti gert sér dagamun. Linda María er mikill umhverfissinni og mikið um að halda loftslagi í Hrísey hreinu og skapa umhverfisvænt samfélag - bílana burt. Það var henni þó erfitt að hafa ekkert farartæki til að ferja vörur frá bryggju og í Verbúðina. Eftir að hafa í heilt ár trítlað með vörurnar í hjólbörum eða á bakinu milli ferju og Verbúðar fór hún að velti vöngum um hvernig hún gæti ferjað vörunar án þess að eiga bíl í eygni, bílar eru nú ekki vinsælir í hinni umhverfisvænu Hrísey og Linda sjálf vildi sýna gott fordæmi. Endingin varð sú að Linda datt í lukkupottinn. Ása og Sigrún hættu störfum á Dalvík og Rósa keypti bílinn af þeim stöllum. Til allrar hamingju getur nú Linda nýtt bílinn hennar Rósu til vöruflutninga og til og frá vinnu auk þess að skutlast hingað og þangað þegar þörf er á. Heyrst hefur að Rósa sé að sauma huliðshjálum yfir bílinn svo enginn sjái að bílnum er ávallt lagt við Verbúðina að degi og Heilsuhöllina að næturlagi. Linda er semsagt enn umhverfisvæn með öllu, bíllaus í eygni og framar flestum íbúum hvað varðar umhverfisvernd.

Af Sigrúnu og Ásu er aftur á móti lítið að fréttu og sjást þær varla á götum Hríseyjar og alls ekki á mannamótum. Þær hættu störfum hjá Samherja á Dalvík og seldu bílinn en heyrst hefur að þungur róður sé hjá Samkaup og Olís á Dalvík eftir að þær hættu öllum viðskiptum fyrir handan. Reyndar má heyra tónlist Geirmundar Valtýssonar hljóma um Miðbrautina og langt út fyrir hana, allt frá Syðstabæ til Ystabæjar. Heyrst hefur að haninn Geiri á Klöppinni hafi dillað sér í takt við tónlistina og fjölskyldan í Kríunesi stígi viltan dans við og við.

Fjölskyldan í Kríunesi kom eins og þruma úr heiðskýru lofti og færðist þá líf í gömlu Nautastöðina. Fjölskyldan mætti á bryggjuna með alla sína búslóð í einum litlum hjólbörum og lögðu leið sína fótgangandi í Kríunes. Þau hafa komið sér fyrir og er fjósið hið heimilislegasta svona án Bolanna. Ekki er vitað mikið um áætlanir fjölskyldunnar í Kríunesi nema þau eru umhverfisvæn með öllu og fregnir herma að áætlað sé að vinna þar lífrænt sjávarsalt úr þara sem týndur verður af ilströndinni sem Brói er enn með á áætlun að opna og stefnir hann á að sækja í Brothættir byggðir svo draumurinn megi verða að veruleika.

Það má segja að í Hrísey sé einn veitingastaður starfandi og annar að hluta. Arnar í Brimnesi, óðalbóndi mitt á milli Árskógstrandar og Hauganess hefur gengið illa að halda á kokkum og hjálparhellum og sér því að mestu sjálfur um rekstur og þjónustu. Hann hefur meira að segja brugðið á það ráð að stoppa fótgangandi eða skokkandi fólk á förnum vegi og þá sérstaklega gesti í sumarhúsum og boðið þeim vinnu án árangurs. Arnar á sér samt tryggja viðskiptavinum úr nánasta nágrenni sem bíða með nefið klesst á rúðurnar kl 17:45 á laugardögum.....bíða eftir að sjá ljós kvikna og líf færast í Brekku.... með von í hjarta um að fá lottóbjór eða rauðvínstár borið fram í vatnsglösum af óðalbóndanum sjálfum. Viðskiptavinirnir sem allir eru meðlimir í félagi eldri borgara í Eyjunni eru samt tillitsamir og hleypa Arnari ávallt heim með 21:00 ferjunni. Það væri nú gott ef allir væru svo tillitsamir við ferjumenn.

Framtíð Sæborgar, okkar allra, sem var samkomustaður Hríseyinga í áraraðir, þar sem menn æfðu, drukku, dönsuðu, skældu og ældu, liggur þungt á mönnum og er stefnt á að stofna Hollvinasamtök til að bjarga slotinu. Ingimar Ragnarsson hefur verið þar fremstur í flokki, áhugasamur og framtaksamur. Ekki hefur verið slett málningu á húsið síðan Græni herinn með Stuðmenn í fararbroddi kom í Hrísey árið 1999. Það er kominn tími til að gera eitthvað í málinu, segir Ingimar Ragnars en svo gerist ekkert. En svo fór Ingimar á sjóinn og ekkert gerðist. Svo kom Ingimar í land og ekkert gerðist og fór svo aftur á sjóinn og ekkert gerist. Hefur nú heyrst að Ingimar nafni hans ætli að taka málin í sínar hendur og munum við fylgjast vel með í framtíðinni.

Koma Costco hafi haft veruleg áhrif á rekstur búðarinnar hér í Hrísey og gefið aukin tækifæri til að gera góðan rekstur enn betri. Það má segja að það hafi myndast Costco kommúna fyrir Hríseyjarbúðina og hafa þau Hildur Jóns, Villi Björns og Biggi Bakari vart undan að þeysast milli landshluta, skreppa í Costco og koma svo vörum norður í land. Heyrst hefur að Þríhjólíð sem Hríseyjarbúðin fékk

að gjöf komi að góðu gagni við að ferja vörurnar í búðina eða jafnvel heim til fólks en Claudía sjái fram á að fjárfesta þurfi í nýju stærri hjóli í framtíðinni ef heldur áfram sem horfir. Toni fagnaði þessari þróun sérstaklega um síðustu jól, pantaði heilu kassana af nýju skrauti og var himinlifandi yfir að fá það sent alla leið heim að dyrum.

Í Hrísey hafa skapast ákveðnar hefðir og er sjómanna dagurinn ein þeirra. Á hvert safnast bátæigendur í siglingu með fjölskylduna og bjóða öðrum Hríseyingum og gestum með og hefur Árni Kristinsson þar ekki verið undanskilinn. Árni sem er dugmikill hefur undirbúið þessar ferðir vel, verslað prins og kók og verið mættur tímanlega á bryggjuna þó svo hann hafi ekki náð að komast út úr höfninni eða hafnarmynninu síðustu ár. Fjölskyldan og gestir hafa setið eftir með sárt ennið, grátið með vasaklút á pollanum með von um að komast í siglingu að ári. Þar sem Árni gefst sjaldan upp má áætla að hann mæti galvaskur og brosandí næstkomandi sjómanna dag með prins og kók á kantinum.

Sigga Bjarna fór með vinkonum í sólina í sumar og ákvað Bjarni að vera eftir heima og sinna búi á meðan enda brjáláð að gera í hrífunum að ógleymdri hvönninni. Bjarna leist illa á að vera einn heima í heilar 3 vikur og velti fyrir sér hvernig hann færi að þessu. Hann velti vöngum yfir því hvernig lífið yrði án Siggu sinnar. Ætli hann myndi hafa það af einn og án hennar. Hann lagðist undir feld og eftir að hafa hugsað í þrjá daga og þrjár nætur fann hann lausnina. Hann flutti inn 9 erlendar konur til að redda málunum. Sigga fór utan og Bjarni lifði í vellistingum í þrjár vikur - það þurfti jú 9 konur til að leysa Siggu af - ja svo megnug er Sigga og Bjarni þurftamikill. Bjarni gat því einbeitt sér að hrífunum og hvönninni auk þess að fara út að ganga með Boris sem kallaður er Bangsi.

Smári Thorarensen hætti rekstri Hríseyjarferjunnar í lok árs 2017 og var hann kvaddur með pompi og prakt að lokinni síðustu ferð hans milli lands og Eyjar. Smári sagði ekki rekstrargrundvöll lengur fyrir ferjuna, sagði að þetta væri búið spil. Hann sagði það hafa verið þungt högg þegar Sýlvía hans Davíðs fór úr eyinni en flutningur Steinunnar Bjarna hafi svo gert útslagið. Smári sagði að hann hafi líka séð frammá að árlegar utanlandsferðir áhafnarinnar myndu detta upp fyrir sem gæti farið illa í menn. Alltaf slæmt fyrir starfsandann þegar þarf að hætta einhverjum svona hefðum og siðum sem menn hafa verið ánægðir með.

Það hefur vakið athygli manna að Smári hefur sést mikið í annarrri ferju sem fer frá meginlandinu í aðra eyju í suðri sem ber heitið Heimaey og er ein af

Vestmannaeyjum. Ekki er vitað hvort Smári er að sverma fyrir rekstri á nýjum Herjólfri eða hvort hann hefur lagt sjómenskuna á hilluna og sé kominn á kaf í fasteignabraskið. Smári hefur undanfarin ár farið mikinn í fasteignakaupum og herma fregnir að hann hafi nú nýlega fjárfest í íbúðum í nýju hverfi á Akureyri - Davíðshaga. Hvað Smári ætlar að gera við allar þessar íbúðir er á huldu en líkur eru á að nýr fasteigna risi sé kominn til sögunnar og hann sé jafnvel farinn að slá Teit og Teddu við í þeim efnum. Smári mun nú vonandi halda tryggðum við eyjuna sína fögru, Hrísey, en hver veit nema hann muni byggja sér ból í hinni eyjunni í suðri þar sem hann hefur haldið sig síðustu misseri með Steinu sinni samhliða því að líða um á nýja húsbílnum. Heyrst hefur á förnum vegi að Smári sé gengin í húsbílafélagið og á komandi sumri muni þeir Smári og Halli Jói þeysast saman um landið og stunda nikkuböll og berjaferðir. Smári er því formlega hættur að vinna þó hann sé reyndar löngu hættur.

Tedda og Teitur hafa verið stórhuga síðustu ár og fjárfest í húsnæði í Hrísey og Akureyri. Teitur stundar sjóinn til að fjármagna herlegheitin en Tedda hefur hætt störfum og ætlar nú að helga sig túrísma. Heyrst hefur að Tedda sé að skipuleggja nýjan rekstur sem á engan sér líkan hér á landi. Hún ætlar að setja á fót Heilsuhæli fyrir ferðamenn sem álpast til Íslands og þurfa á sálfræðipjónustu að halda til að takast á við fjárhagslegan skaða sem þeir verða fyrir. Eins og við vitum er verðlag á Íslandi með því hærra sem þekktist í heiminum og því mikilvægt að einhver taki að sér að hlúa að ferðafólki meðan á dvölinni stendur. Tedda er mjög svo spennt fyrir þessum nýja rekstri og er undurbúningur í fullum gangi. Helsta vandamálið sem Tedda stendur fyrir er að ákveða hvað meðferðin á að kosta... og spurning hvort lendingin verði sú að um góðgerðarstarfsemi verður að ræða eftir allt saman.

Eins og Ása myndi segja: ég veit ekkert þessi saga kom úr Byko.

Þeir Anton Steinarsson, Þröstur Jóhannsson og Pétur Ásgeir Steinþórson tóku við reksti ferjunnar og stofnuðu félag um reksturinn sem fékk heitið Andey Ehf. Kom þessi þrenning eins og þruma úr heiðskíru lofti og buðu þeir svo lágt verð í reksturinn að líkur eru á að þeir þurfi að borga með sér. Menn velta því fyrir sér hvort árlegar utanlansferðir ferjumanna heyri sögunni til og jafnvel litlu jól ferjumanna sem er orðinn ómissandi liður í samfélaginu. Það ríkti spenna í þegar fréttist af heilögu þrenningunni og þá helst hvaða nafn fyrirtækið myndi fá. Við skulum aðeins kíkja á fund þeirra félaga í Andey þegar þeir voru að taka ákvörðun um nafn félagsins:

Fundur hjá Andey (3 mín) – leikinn af Ómari, Óðni, Adda og Bróa.

Þó svo Pétur sé hluteigandi í Andey Ehf mun hann líklegast aðeins verða í 50% starfi hjá fyrirtækinu. Ástæðan er að hann hefur ráðið sig á öldrunarstofnun Akureyrar þar sem hann mun sinna daggæslu meðfram starfinu í ferjunni. Starf hans felst fyrst og fremst í því að spila snóker við gamla skipstjórann og passa uppá að honum leiðist ekki. Einnig er stefnt á að Pétur fari reglulega með Smára út að ganga, í Bocca og jafnvel Berjamó þegar fram líða stundir.

Toni fór mikinn á liðnu ári. Auk þess að stofna fyrirtæki keypti hann hund handa einkadótturinni – það myndi jú þroska barnið að annast gæludýr. Það gekk ágætlega að ala hundinn í byrjun en þegar leið á desember fór að kárna gamanið eða um leið og jólaskrautið fór að hrannast upp á heimilinu. Eins og flestir vita eiga hjónin í Austurveginum heilu bílfarmana af skrauti og ekki skrítið að hundinum Carlosi hafi þótt mikið um. Illa gekk að ala hundinn og halda honum frá skrautinu og varð endingin sú að tréð varð girt af með rafmagnsgirðingu til að koma í veg fyrir stórslys og samkvæmt heimildum þurfti vegabréf til að nálgast tréð. Vilborg stóð vaktina dag sem nótt og varði tréð vopnuð þrjóni í annarri og heklunál í hinni og náði tréð að standa öll jólin og fram yfir nýárið. Það mátti sjá þreytumerki á þeim hjónum eftir jólahátíðina, bláma undir augum, ofvaxið skegg og þungan limaburð en hjónin í Austurveginum eru sterk þegar á reynir og munu koma tvíefld inn í jólaundirbúninginn að ári. Eins og fregnir herma hefur Vilborg lagt hafnarvarðarstarfið á hilluna og er ekki vitað hvort það hafi verið vegna þess að Toni er nú orðinn ábyrgur rekstraraðili ferjunnar og þarf sinn tíma eða hvort hún ætlið gefa sér meiri tíma í að ala hundinn fyrir næstu jólahátíð og gera áætlun um hvernig verja skuli skrautið.

Hermann nokkur maður Díönu, dóttur Helenu og Sveinbjarnar, ættaður frá Vopnafirði hefur nú smátt og smátt verið að taka yfir Eyjuna og minnir þetta svolítið á hjónin Hjördísi og Þórarinn hér um árið. Hermann rekur nú Hríseyjarbúðina í hjáverkum auk þess sem hann tók að sér hafnvarvarðarstarfið. Hermann hætti til sjós og ákvað að kenna og sinna sínum eigin börnum á launum og hóf vinnu í Hríseyjarskóla. Ja það er ekki skrítið að blessaður maðurinn hafi ekki tíma til að taka niður jólaskrautið. Díana kona Hermanns starfar einnig í Hríseyjarskóla og er því líka á launum við að sinna börnunum enda eiga þau hjónin nálægt 50% allra barna í skólanum og stefna á enn hærri prósentu í framtíðinni.

Hjónin Hermann og Díana eru áhugasöm um að koma börnum sínum vel til manns og hafa þau sótt hin og þessi námskeið til að efla færni sína og hæfni í uppeldishlutverkinu. En þetta er ekki allt. Helena amma sér um að fóðra börnin og þau hjónin yfir skóladaginn og velta menn fyrir sér hvort Sveinbjörn geti nú ekki farið að starfa innan skólasamfélagsins. Þá yrði öll fjölskyldan á launum við að sinna hverju öðru öllum stundum.

Kennarar skólans ásamt Helenu matráðskonu stefna nú á námsferð til Glasgow til að öðlast frekari þekkingu á skólastarfi. Meðan kennararnir heimsækja skóla mun Helena bregða sér á veitingastaði borgarinnar og kynnast framandi réttum sem hún mun svo bjóða fjölskyldunni uppá í Hríseyjarskóla á nýju skólaári.

Eins og Ása myndi segja: ég veit ekkert þessi saga kom úr Byko.

Félag eldri borgara í Hrísey hefur verið starfandi undanfarin ár enda meðalaldur fólks hækkað verulega. Veðrið setur stundum strik í reikninginn og þurfti vegna ofsaveðurs, mikillar ofankomu, snjóstorms og vetrarhörku að aflýsa fundi nú í vetur svo enginn yrði sér að voða. Helga okkar á syðstabæ, elsti Hríseyingurinn, kallar nú ekki allt ömmu sína og þar sem fundurinn féll niður dreif Helga sig í kuldagallann og stormaði í ferjuna og beint á Akureyri til að berja nýjustu fjölskyldumeðlimina augum. Já allt er 97 ára fært.

Brynja kona Bróa hefur verið svolítið erfið á árinu, og þá sérstaklega ferjumönnum. Hún hefur sótt í störf utan eyjarinnar allt frá því hún kynntist Bróa og flutti í eyjuna. Hún hefur sóst sérstaklega eftir vaktavinnu og þá helst næturvinnu til að tryggja öryggi þess að hún þurfi að panta fyrstu ferð að morgni eða síðustu að kveldi og svo hún geti sofið þegar Brói vakir. Einhver þarf jú að sinna hænunum - strúka þeim og greiða - og sinna þau hjónin þessu á vöktum.

Það er ekki bara Brynja sem hefur verið til vandræða. Aðalsteinn Bergdal, eða trúðurinn eins og hann oft er nefndur, hefur einnig verið þeim ferjumönnum erfiður. Hann pantar ávallt síðustu ferð og ekki nóg með það heldur mætir hann líka seint í ferjuna og lengir þar með vinnudag ferjumanna töluvert. Safnið sem Aðalsteinn starfar á átti að loka klukkan sex alla daga, en heyrst hefur að Alli (eins og hann er kallaður) hafi grátbeðið Arngrím um að opnunartíminn yrði lengdur svo hann gæti tekið 23:00 ferjuna heim í Hrísey.

Ferjumenn hafa þolað þetta afar illa enda með eindæmum þreyttir og búnir á því eftir langar vaktir og vinnudaga vegna upphringiferða. Þeir hafa meira að segja tekið á það ráð að setja á ferjubann við og við án árangurs. Andeyjarmenn héldu

fund strax og þeir tóku við rekstri ferjunnar til að ræða þessi mál. Við skulum kíkja inn á fund hjá þeim:

Hitlersmyndbandið (3 mín) - Sjá má myndband á Ferðamálasíðu.

Í kjölfarið á þessum átakanlega fundi hjá ferjumönnum var ákveðið að eitthvað þyrfti að gera til að efla heilsu ferjumanna og efla þol og hreysti til að takast á við þetta vandamál sem upphringiferðirnar skapa. Það mátti ekki gleymast í þessu öllu að upphringiferðirnar eru einu tekjur ferjunnar sem gætu kostað árlegu utanlandsferðirnar eftir að Steinunn Bjarna flutti. Pétur ákvað að byrja átakið strax á nýju ári 2018 og fer nú alla daga í sund þar sem hann syndir eins og hvalur ferð eftir ferð og íhugar hvernig allt muni ganga án Smára. Þröstur fylgdi fast á eftir og æfir stíft alla daga í ræktinni, lyftir lóðum, hleypur og hjólar eins og enginn sé morgundagurinn. Það er svo spurning hver árangurinn verður og hvort fleiri hluthafar í Andey Ehf fylgja á eftir eða hvort hann lætur nægja að fara út að ganga með hundinn að hætti Bjarna Thor - á bíl með opna glugga.

Þegar Brynja hans Bróa frétti af þessu uppátæki ferjumanni fór hún beint í sportver, græjaði sig upp og keypti sér kort í ræktina. Hún skyldi ekki láta ferjumenn ná yfirhöndinni.

Nefndinni hefur borist tilkynning úr sal og herma fregnir að Villi Björns hafi fært Ingu Sæland brauðtertú í kostningakaffið. Nefndin óskar eftir frekari upplýsingum um málið?

Kiddi og Bára hafa búið í flestum hverfum Akureyrar síðustu ár og ekki nóg með það heldur þeysast þau reglulega milli Hríseyjar og Akureyrar. Kiddi hætti í fluginu og fór aftur í svínin og Bára flakkar milli sundlaugarinnar á Akureyri og í Hrísey. Það er skemmtilegt að segja frá því að Hanna hans Narfa er líka farin að starfa í sundlaug Akureyrar - svo þær Bára og Hanna mætast oft á miðri leið til vinnu, heilsa hvor annari með bros á vör, stoppa jafnvel og fá sér kaffisopa saman við Fagraskóg ef vel viðrar. Já sumir ná í vatnið langt yfir lækinn.

Toni og Vilborg hafa verið að koma sér upp útilegubúnaði og fengu sér hjólhýsi sem þau hafa verið að gera nýtískulegra og tæknilegra. Þau fara samt varlega svona fyrst í stað og fara ekki of langt frá byggð í þessar útilegur. Til að mynda hófu þau ferðalagið með því að tjalda á tjaldstæðinu við Lónsbakka til að prófa græjurnar. Það var gott að þau voru ekki langt frá byggð því þau föttuðu strax á fyrsta sólarhring að enginn dyrabjalla var á hjólhýsinu og gátu því stokkið í Byko og fjárfest í einni áður en haldið var lengra. Hver fer í útilegu án dyrabjöllu.

Sigga og Bjarni hafa líka verið að setja sig í útilegugírinn og hafa farið varlega af stað. Þau hafa ekki farið út fyrir sveitarfélagið svona fyrst í stað og tjaldað við Lónsbakka eða á tjaldstæðinu við Hamra og spurning hvort þau eru orðin öruggari og muni fara víðar á komandi sumri.

Það má segja að mikið fjaðrafok hafi verið hér á vordögum þegar Tinna og hennar maður fengu sér hana sem fékk nafnið Geiri, líklegast í höfuðið á hinum eina sanna Geira Júll nágranna sínum. Næturfriðurinn sem öllum er svo kær var brostinn og að sögn nokkurra eyjaskeggja hóf haninn raust sína löngu fyrir fótferðartíma hins venjulega Hríseyings. Rósa Kára var í áfalli enda ekki fengið heilan nætursvefn í margar vikur en Geiri Júll var hin ánægðasti enda loksins kominn með nafna. Smári Thor sagði engan ama af hananum. Hann sagðist heilsa hananum í hvert skipti sem hann keyrði fram hjá Klöppinni en eins og við vitum líkist málrómur Smára helst urri og stóð hananum því stuggur af Smára og steinþagnaði þegar hann fór hjá. Mikki sagði að svona rugl hefði aldrei viðgengist ef Jóhann Þór væri ennþá Oddviti. Baldur í Sunnuhvoli bauðst til að skjóta hanann á færi og þá væri málið dautt. En stór mál þurfa að fara sína leið í kerfinu og Þorgeir Jónsson formaður Hverfísráðs tók málið í sínar hendur. Brói eins og allir hinir vissu að hanahald rt með öllu bannað í eyjunni og eins og máltækið segir, með lögum skal land byggja og eyjarnar líka og fór það svo að málið var kært til bæjarins. Fjölskyldan á Klöppinni barðist með kjafti og klóm fyrir Geira sínum og byggðu málsvörn sína á því að Geiri væri enginn venjulegur hani. Þau sögðu að Geiri væri trans - hani sem væri komin langt á leið í kynleiðréttingarferli. Geiri ætti því með tíð og tíma að verða hæna og myndi þá haga sér sem slík. Þau sögðu að Geiri færi jafnvel að verpa eggjum með haustinu ef allt gengi eftir. Brói gaf lítið fyrir þennan málflutning og krafðist dauðadóms. Dýravininum Bjarna Thor var nú hætt að lítast á blikuna og ákvað að berjast fyrir lífi Geira. Hann gekk hús úr húsi með undirskriftarlista og grátbað fólk að skrifa undir að Geiri fengi eilíft líf. Haninn þagnaði þegar leið að jólum og enginn veit hver örlög hans urðu. Akureyrarbær hefur ekki úrskurðað í málinu enda stutt í kosningar og hefur heyrst að ákveðnir flokkar hafi í hyggju að gera mál hanans Geira á selaklöpp að kosningamáli. Ekki nóg með það heldur hefur málið vakið heimsathygli. Nefndin rakst á fréttapátt þar sem mál Geira var til umræðu. Við skulum kíkja á þáttinn:

Fréttapáttur um Geira (3 mín) - Sjá má fréttapátt á Ferðamálasíðu.

Við þökkum kærlega fyrir okkur og vonum að þið hafið haft gaman af.

Takk fyrir okkur

Þorralótsnefnd 2018